



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2020

R18120011

13310

Borgarráð

Kjarasamningur Reykjavíkurborgar við Eflingu stéttarfélag

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan kjarasamning Reykjavíkurborgar við Eflingu stéttarfélag sem Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur undirritað með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Gildistími samningsins er frá 1. apríl 2019 til og með 31. mars 2023. Kjarasamningurinn byggir á meginatriðum á grunni lífskjarasamnings sem samið var um á almenna markaðnum en er einnig í samræmi með megináherslur launastefnu Reykjavíkurborgar. Í samningnum endurspeglast áhersla á hækkun lægstu launa og í honum er sérstök áhersla á hækkun launa kvennastétta.

Í þessum kjarasamningi er einnig stigið stórt skref í styttingu vinnuviku bæði hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki með það að leiðarljósi að bæta vinnustaðamenningu en jafnframt að stuðla að bættum lífskjörum, jafnvægi milli starfs og einkalífs og skapa þannig fjölskylduvæn vinnuskilyrði.

Samhliða samþykkt kjarasamningsins er lagt til að mannauðs og starfsumhverfissviði verði falin umsjón með samræmdri innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og nýju ákvæði um önnur laun sem felur í sér breytt fyrirkomulag fastlaunasamninga. Mikilvægt er að tryggja samræmda framkvæmd á þessari breytingu innan borgarinnar með útgáfu og innleiðingu samræmds verklags.

Samhliða þeim breytingum á vinnutíma sem samið hefur verið um í kjarasamningi er lagt til að samþykkt verði að fella úr gildi samþykkt borgarráðs frá 4. október 2007 um málefni eldri starfsfólks sem kveður á um heimild til að gerðar samkomulags um afslátt starfsmanna af vinnuskyldu án skerðingar á mánaðarlaunum.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Kjarasamningur Reykjavíkurborgar við Eflingu stéttarfélag

Kjarasamningar 2019, Markmið og megináherslur Reykjavíkurborgar, ódags.

Kjarasamningar 2019-2023, kynning fyrir borgarráð þann 2. apríl 2020

Minnisblað frá Samninganefnd Reykjavíkurborgar, dags. 30.3.2020

Minnisblað sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31.3.2020